## Ísland (LP/CD)

1. ( 2 ) Zooropa – U2
2. ( 1 ) Ekki þessi leiðindi – Bogomil Font
3. ( 4 ) Debut – Björk
4. ( 5 ) Algjört skronster – Ýmsir
5. ( 3 ) Lost in Music – Ýmsir
6. ( 8 ) Speis – Pláhnetan
7. ( 6 ) SSSól – SSSól
8. ( 7 ) Svefnvana – GCD
9. (10) Heyrðu – Ýmsir
10. ( 9 ) Rigg – Stjórnin
11. (17) Tutte Storie – Eros Ramazotti
12. (11) Vagg og velta – Systkinin frá Bolungarvík
13. (14) Sveitasöngvar – Ýmsir
14. (Al) Rage Against The Machine – Rage Against The Machine
15. (Al) Last Action Hero – Úr kvikmynd
16. (15) Vikivaki – Ýmsir
17. (12) Á rás um landið – Ýmsir
18. (13) Promises And Lies – UB40
19. (Al) No Limits! – 2 Unlimited
20. (Al) Automatic for the People – REM

Listinn er reiknaður út frá sölu í öllum helstu hljómplötuverslunum í Reykjavík auk verslana víða um landið.

## London (lög)

1. ( 2 ) Living On My – Freddie Mercury
2. ( 6 ) The Key: Secret – The Urban Cookie
3. ( 1 ) Pray – Take That
4. ( 3 ) What's up – 4 Non Blondes
5. ( - ) It Keeps Raining – Bitty McLean
6. ( - ) The River of Dreams – Billy Joel
7. ( 4 ) Tease Me – Chaka Demus & Pliers
8. ( - ) Nuff Vibes – Apache Indian
9. ( 5 ) Dreams – Gabrielle
10. ( 7 ) Rain – Madonna

## New York (lög)

1. ( 1 ) Can't Help) Falling in Love – UB40
2. ( 2 ) Whoomp! (There It Is) – Tag Team
3. ( 3 ) Weak – SWV
4. ( 4 ) 'm Gonna Be (500 Miles) – The Proclaimers
5. ( 5 ) Slam – Onyx
6. ( 7 ) Lately – Jodeci
7. (11) If I Had No Loot – Tony! Toni! Tone!
8. ( 6 ) That's the Way Love Goes – Janet Jackson
9. ( 8 ) Show Me Love – Robin S
10. (12) I Don't Wanna Fight – Tina Turner

## Bandaríkin (LP/CD)

1. ( - ) Black Sunday – Cypress Hill
2. ( 1 ) Zooropa – U2
3. ( 2 ) Sleepless in Seattle – Úr kvikmynd
4. ( 4 ) Janet – Janet Jackson
5. ( 3 ) Back to Broadway – Barbra Streisand
6. ( 5 ) Core – Stone Temple Pilots
7. ( 6 ) Unplugged...and Seated – Rod Stewart
8. (11) Bodyguard – Úr kvikmynd
9. ( 8 ) The Chronic – Dr. Dre
10. ( 7 ) It Won't Be the Last – Billy Ray Cyrus

## Bretland (LP/CD)

1. ( 1 ) Promises and Lies – UB40
2. ( 2 ) Zooropa – U2
3. ( 3 ) Automatic for the People – R.E.M
4. ( - ) River of Deams – Billy Joel
5. ( 5 ) Pocket Full of Kryptonite – Spin Doctors
6. ( 4 ) Bigger, Better, Faster, More! – 4 Non Blondes
7. ( 6 ) Always – Michael Ball
8. ( 8 ) Emergency on Planet Earth – Jamiroquai
9. ( 7 ) Take That and Party – Take That
10. ( 9 ) Unplugged... and Seated – Rod Stewart

# ÍSLENSKI LISTINN

*-í boði Coca-Cola á Bylgjunni í kvöld*

### Á toppnum

Freedom með Jet Black Joe og Sigríði Guðna er komið í toppsæti íslenska listans þessa vikuna en lagið var í 9. sæti listans í síðustu viku. Hljómsveitin 4 Non Blondes er í öðru sæti með lagið What's up og í þriðja sæti er írska hljómsveitin U2 með lagið Numb



### Nýtt

Efsta nýja lagið á listanum er lagið Living on My Own með Freddie heitnum Mercury en það er í 14. sæti íslenska listans þessa vikuna. Gömul og góð lög frá Freddie og hljómsveit hans Queen, sem naut mikilla vinsælda hér áður fyrr, heyrast mikið þessa dagana.



### Hástökkið

Hástökk vikunnar er lagið River of Dreams með kappanum Billy Joel. Lagið, sem hefur verið í tvær vikur á listanum, var í 19. sæti íslenska listans í síðustu viku en er nú komið alla leið í 8. sætið. Gott stökk það.




## TOPP 40 – VIKAN 12. – 18. apríl

| ÞESSI VIKA | SÍÐASTA VIKA | VIKUR Á LISTA | HEITI LAGS / ÚTGEFANDI | FLYTJANDI |
|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 2 | FREEDOM SPOR – 1 VIKA NR. 1 | JET BLACK JOE & SIGRÍÐUR GUÐNAD. |
| 2 | 1 | 4 | WHAT'S UP INTERSCOPE | 4 NON BLONDES |
| 3 | 2 | 4 | NUMB ISLAND | U2 |
| 4 | 6 | 5 | KILLER/PAPA WAS A ROLLING ST. PARLOPHONE | G. MICHAEL |
| 5 | 15 | 4 | SUMARIÐ ER TÍMINN SKÍFAN | GCD |
| 6 | 3 | 4 | TRYLLT SPOR | TODMOBILE |
| 7 | 5 | 5 | SÓLON SPOR | PLÁHNETAN |
| 8 | 19 | 2 | RIVER OF DREAMS COLUMBIA – HÁSTÖKKVARI VIKUNNAR | BILLY JOEL |
| 9 | 4 | 5 | CRYIN GEFFEN | AEROSMITH |
| 10 | 12 | 6 | DREAMS GO-BEAT | GABRIELLE |
| 11 | 10 | 5 | DELICATE COLUMBIA | TERENCE TRENT D'ARBY |
| 12 | 17 | 3 | SHAPE OF MY HEART A&M | STING |
| 13 | 8 | 6 | MARSBÚA CHA CHA CHA SMEKKLEYSA | BOGOMIL FONT |
| 14 | NÝTT | | LIVING ON MY OWN PARLOPHONE – HÆSTA NÝJA LAGIÐ | FREDDIE MERCURY |
| 15 | 14 | 5 | ALLT EÐA EKKERT SPOR | STJÓRNIN |
| 16 | 22 | 2 | ROKK KALYPSO Í RÉTTUNUM SMEKKLEYSA | BOGOMIL FONT |
| 17 | 7 | 8 | BREAK IT DOWN AGAIN MERCURY | TEARS FOR FEARS |
| 18 | 16 | 5 | MORE AND MORE MEGA | CAPTAIN HOLLYWOOD |
| 19 | 24 | 2 | WILL YOU BE THERE SONY | MICHAEL JACKSON |
| 20 | 13 | 7 | RUNAWAY TRAIN COLUMBIA | SOUL ASYLUM |
| 21 | 11 | 9 | HUMAN BEHAVIOR ONE LITTLE INDIAN | BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR |
| 22 | 27 | 2 | MAGGIE MAY (UNPLUGGED) WARNER | ROD STEWART |
| 23 | 23 | 3 | CANTALOOP CAPITOL | US3 |
| 24 | NÝTT | | IF I HAD NO LOOT MERCURY | TONY! TONI! TONE! |
| 25 | 28 | 3 | RAIN SIRE | MADONNA |
| 26 | NÝTT | | 29 PALMS FONTANA | ROBERT PLANT |
| 27 | 21 | 4 | GOTT Í KROPPINN STÖÐIN | VINIR VORS OG BLÓMA |
| 28 | 20 | 9 | FUNHEITUR SPOR | PLÁHNETAN |
| 29 | 32 | 2 | LOVE IS THE DRUG COLUMBIA | DIVYNALS |
| 30 | 18 | 8 | NOSTALGÍA SKÍFAN | SSSÓL |
| 31 | NÝTT | | VÍTAMÍN SKÍFAN | SSSÓL |
| 32 | NÝTT | | SOONER OR LATER ENSIGN | WORLD PARTY |
| 33 | 33 | 10 | CAN'T GET ENOUGH OF YOUR LOVE ARISTA | TAYLOR DAYNE |
| 34 | 25 | 3 | TOO YOUNG TO DIE SONY | JAMIROQUAI |
| 35 | 40 | 3 | RIGHT HERE /HUMAN NATURE RCA | SWV |
| 36 | 36 | 2 | PRAY RCA | TAKE THAT |
| 37 | 30 | 7 | TONIGHT'S THE NIGHT (UNPLUGGED) WARNER | ROD STEWART |
| 38 | 26 | 11 | WHAT IS LOVE ALL ABOUT ENSIGN | WORLD PARTY |
| 39 | NÝTT | | EKKI SEGJA ALDREI (REMIX) SPOR | STJÓRNIN |
| 40 | 37 | 7 | SHOW ME LOVE ATLANTIC | ROBIN S |

**Topp 40 listinn er endurfluttur á Bylgjunni á laugardögum, milli klukkan 16 og 19.**

FM 98.9 BYLGJAN GOTT ÚTVARP!
ALLTAF Coca-Cola GEFUR TÓNINN!
DV

TOPP 40 VINNSLA

**ÍSLENSKI LISTINN er unninn í samvinnu DV, Bylgjunnar og Coca-Cola á Íslandi. Mikill fjöldi fólks tekur þátt í að velja ÍSLENSKA LISTANN í hverri viku. Yfirumsjón og handrit eru í höndum Ágústs Héðinssonar, framkvæmd í höndum starfsfólks DV en tæknivinnsla fyrir útvarp er unnin af Þorsteini Ásgeirssyni.**

# Nýtt

## Shane MacGowan og Van Morrison í samstarfi

Shane MacGowan og nýja hljómsveitin hans The Popes hafa gert samning við ZTT-hljómplötuútgáfuna og er hljómsveitin að hefja upptökur á fyrstu plötu sinni um þessar mundir. Til að stjórna upptökum hefur enginn annar en Van Morrison verið fenginn og verður athyglisvert að heyra hvað kemur út úr samstarfi þessara tveggja írsku risa, MacGowans og Morrisons. MacGowan hefur sagt að ef allt gangi vel hafi hann áhuga á að fá Morrison til liðs við sig við að gefa út plötu með endurútgáfum á gömlum Them-lögum en Them var hljómsveitin sem Morrison sló í gegn með um miðjan sjöunda áratuginn.

## Skothríð á tónleikum Millie Jackson

Ofbeldisverk á tónleikum taka sífellt á sig nýja mynd. Á tónleikum með söngkonunni Millie Jackson í Lundúnum á dögunum gerðist það að maður nokkur tók upp byssu og skaut nokkrum skotum að öryggisverði. Aðdragandi þessa atburðar var sá að konu nokkurri hafði verið vísað út úr tónleikahúsinu vegna óæskilegrar hegðunar. Hún sneri aftur skömmu síðar í fylgd manns sem gerði sér lítið fyrir og hóf skothríð á öryggisvörðinn sem hafði hent konunni út. Til allrar hamingju sá hann hvað verða vildi og náði að fleygja sér í skjól en tæpara mátti það ekki standa því ein kúlan fór í gegnum jakkann hans.

## Tónleikar með Björk 19. ágúst

Ákveðið hefur verið að Björk Guðmundsdóttir komi fram á tónleikum í Lundúnum 19. ágúst næstkomandi. Tónleikarnir, sem haldnir verða í Kentish Town Forum, eru sagðir verða þeir einu sem hún haldi í Lundúnum á árinu. Þar kemur Björk fram með ýmsum enn ónafngreindum aðilum þar á meðal bhangra diskósveit og spænskri flamengósveit. Einnig troða upp með Björk ýmsir aðilar sem aðstoðuðu hana við gerð Debut-plötunnar. Fyrir þá sem verða á ferð í Lundúnum 19. ágúst skal upplýst að miðaverði á tónleikana er mjög stillt í hóf og verður um það bil 850 krónur.

## Megadeath reknir heim

Aerosmith, sem verið hefur á tónleikaferðalagi um Bandaríkin að undanförnu, hefur neyðst til að segja upphitunarhljómsveit sinni Megadeath að taka pokann sinn og hypja sig heim. Ástæðan er ósætti vegna strangra reglna sem liðsmenn Aerosmith hafa sett um áfengis- og fikniefnaneyslu á meðan á ferðalaginu stendur. Steven Tyler og félagar í Aerosmith voru ekki barnanna bestir hér á árum áður og voru oft og tíðum hætt komnir vegna eiturlyfjaneyslu. Þeir segja það einmitt skýringuna á þessum ströngu reglum og þar sem söngvari Megadeath, Dave Mustaine, hafi ekki viljað hlíta þessu og brotið reglurnar æ ofan í æ hafi ekki verið um annað að ræða en að senda hann og hljómsveit hans heim.

-SþS